



Reykjavík, 23. október 2020

## Efni: Upplýsingar til neytenda í ljósi aðgerða Seðlabanka Slóvakíu gagnvart NOVIS

Seðlabanki Slóvakíu, sem er eftirlitsaðili NOVIS, hefur með bráðabirgðaákvörðun lagt bann við að ljúka gerð nýrra samninga, af tiltekinni tegund, ef NOVIS uppfyllir ekki tiltekin skilyrði sem ákvörðunin felur í sér.

Fréttir um bannið hafa birst í þrígang á vefsíðu Seðlabanka Íslands [18. september](#), [29. september](#) og [23. október 2020](#).

*Hvernig snertir NOVIS íslenska neytendur?*

- Afurðir NOVIS hafa verið seldar íslenskum neytendum í gegnum dreifingaraðila (váttryggingamiðlara) á Íslandi. Til að samningar um afurðirnar taki gildi þarf NOVIS að ljúka gerð þeirra.
- Sú staða getur verið uppi að NOVIS hafi ekki heimild til að ljúka gerð nýrra samninga, ef Seðlabanki Slóvakíu telur skilyrði til þess ekki uppfyllt.
- Ef bann við að ljúka gerð nýrra samninga er í gildi samkvæmt ákvörðuninni getur það þýtt að verulegar tafir verði á því að samningar íslenskra viðskiptavina, sem dreifingaraðilar á Íslandi hafa undirbúið, taki gildi.
- Bann við að ljúka gerð samninga nær ekki til samninga sem þegar eru í gildi.
- Bann við að ljúka gerð samninga nær heldur ekki til samninga sem NOVIS lýkur við í októbermánuði 2020, þar sem félagið uppfyllti skilyrði bráðabirgðaákvörðunarinnar í þeim mánuði.

*Ég er með virkan samning við NOVIS. Hvert á ég að snúa mér?*

- Fjármálaeftirlitið bendir íslenskum neytendum, sem hafa gert samninga um vörur NOVIS, á að hafa samband við þann váttryggingamiðlara eða þá váttryggingamiðlun sem þeir keyptu vöruna hjá til að fá nánari upplýsingar og leiðbeiningar.
- Íslenskir neytendur geta einnig haft beint samband við NOVIS, kjósi þeir að gera svo.

*Á ég að hætta að greiða iðgjald til NOVIS?*

- Fjármálaeftirlitið bendir neytendum á að í ljósi þess að tímabundið bann getur tekið gildi meti Seðlabanki Slóvakíu að NOVIS uppfylli ekki tiltekin skilyrði, er uppi óvissa um stöðu NOVIS. Váttryggingasamningar NOVIS eru samsettir með fjárfestinga- og áhættutryggingu og verður hver og einn að taka ákvörðun út frá sínum hagsmunum.

*Hver tók ákvörðunina?*

- Seðlabankinn í Slóvakíu (Národná Banka Slovenska, NBS)



*Hvers vegna tók Seðlabanki Slóvakíu þessa ákvörðun?*

- EIOPA og nokkur eftirlitsstjórnvöld í Evrópu, þar á meðal á Íslandi, hafa átt í miklum samskiptum við NOVIS á undanförunum misserum um álitafni í tengslum við afurðir félagsins (eins og kom fram í frétt Fjármálaeftirlitsins 18. september 2019). Þessi álitafni tengjast bæði fjárhagsskilyrðum og viðskiptaháttum félagsins.
- Í kjölfar samstarfs EIOPA og evrópskra eftirlitsstjórnvalda hefur Seðlabanki Slóvakíu gripið til ráðstafana sem felast í töku bráðabirgðaákvörðunar sem getur leitt til þess að NOVIS verði ekki heimilt að ljúka gerð nýrra samninga meðan hún er í gildi. Ákvörðunin er tekin með það að markmiði að tryggja hagsmuni neytenda.

*Hvenær tók bráðabirgðaákvörðunin gildi?*

- 11. September

*Hefur Seðlabanki Slóvakíu bannað NOVIS að ljúka gerð nýrra samninga á grundvelli bráðabirgðaákvörðunarinnar?*

- Já, NOVIS uppfyllti ekki skilyrði til að mega ljúka nýjum samningum í septembermánuði 2020.

*Hefur Seðlabanki Slóvakíu leyft NOVIS að ljúka gerð nýrra samninga eftir að bráðabirgðaákvörðunin tók gildi?*

- Já, Seðlabanki Slóvakíu heimilaði NOVIS að ljúka gerð nýrra samninga í októbermánuði 2020.

*Hvað þýðir tímabundna bannið þegar NOVIS uppfyllir ekki skilyrði ákvörðunarinnar?*

- Seðlabanki Slóvakíu tekur afstöðu til þess mánaðarlega hvort NOVIS uppfylli skilyrðin. Ef Seðlabanki Slóvakíu telur skilyrðin ekki uppfyllt, má NOVIS ekki ljúka neinum nýjum samningum í þeim almanaksmánuði.

*Hvers vegna eru teknar ákvarðanir um tímabundið bann?*

- Ákvörðun Seðlabanka Slóvakíu um tímabundið bann er úrræði til að bregðast við alvarlegum tilvikum og/eða ef starfsleyfisskilyrði eru ekki uppfyllt.

*Af hverju má slóvakískt tryggingafélag dreifa vörum á Íslandi?*

- Félög með starfsleyfi og undir eftirliti eftirlitsstofnana á Evrópska efnahagssvæðinu geta veitt þjónustu í öllum ríkjum Evrópu að undangengnum tilkynningum til viðeigandi eftirlitsstofnana. Félögin geta veitt þjónustu yfir landamæri, m.a. í gegnum útibú, umboðsmenn og dreifingaraðila. Eftirlitsstofnanir í heimaríki félaga hafa eftirlit með því að þau uppfylli kröfur sem gerðar eru til starfsemi þeirra. Fjármálaeftirlitið hefur komið að eftirliti með viðskiptaháttum og markaðssetningu félaga sem veita þjónustu hér á landi, ásamt eftirlitstofnunum í heimaríki.
- Slóvakíska váttryggingafélagið er ekki með starfsstöð á Íslandi en dreifir vörum sínum í gegnum íslenska váttryggingamiðlara.



*Hver hafa afskipti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands verið af NOVIS hingað til?*

- Fjármálaeftirlitið hefur áður birt fréttir og tilkynningar sem tengjast starfsemi NOVIS. Í júlí 2018 vakti Fjármálaeftirlitið athygli á því að Seðlabanki Ungverjalands hefði stöðvað tímabundið nýsölu á söfnunarlíftryggingum NOVIS. Í fréttinni var bent á að NOVIS væri með starfsemi m.a. á Íslandi og væri þá að bjóða söfnunarlíftryggingar til íslenskra neytenda.
- Fjármálaeftirlitið hafði áður vakið athygli á hvað hafa bæri í huga við kaup á váttryggingatengdum fjárfestingaafurðum, en frétt þess efnis birtist í júní 2018.
- Fjármálaeftirlitið hefur einnig tekið til athugunar viðskiptahætti váttryggingamiðlara á Íslandi í tengslum við sölu á vörum NOVIS. Tilkynningar um niðurstöður athugananna birtust í ágúst 2018 og í apríl 2019.
- Þá birti Fjármálaeftirlitið frétt í september 2019 um að NOVIS hefði ákveðið að hætta sölu á Wealth Insuring afurðinni á Íslandi. Í fréttinni kom fram að ástæðan væri sú að ný tilskipun um dreifingu váttrygginga (IDD tilskipunin) hefði verið innleidd á Íslandi. Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar taldist varan einungis hæfa einstaklingum með fullnægjandi þekkingu og reynslu af fjárfestingum. Þessum sjónarmiðum hafði verið komið á framfæri við félagið af nokkrum eftirlitsstjórnvöldum í Evrópu, þar á meðal Fjármálaeftirlitinu á Íslandi. Þessi eftirlitsstjórnvöld höfðu átt í miklum samskiptum við félagið varðandi álitafni í tengslum við vöruna.